# Kveldúlfur

6. blað. Þriðjudaginn, 3. febrúar 1891.

## Póstvegurinn í Árnessýslu

Ísafold hefir verið að ræða um póstveginn í Árnessýslu; það er mál sem tekur til Kveldúlfs; ég vil því láta þá skoðun mína í ljósi, að ef um tvennt væri að velja og ekki fengist neina annað, nefnilega, ef ég ætti að velja um, hvort aðalpóstleið skyldi lögð beint milli hinna fyrirhuguðu brúa á Ölvusá og Þjórsá, eða frá Ölvusár brúnni niður á Eyrarbakka og síðan austur að Baugstöðum, þá upp Ása og upp að Þjórsár brú, þá kýs ég síðarnefndu leiðina. Ég byggi það á þessum ástæðum: Aðalpóstleið skal jafnan leggja um fjölbyggðustu pláss; nú lægi póstleiðin um fjölbyggðustu plássin, ef vegurinn væri lagður eins og ég kýs; en við þetta bætist sá hagnaður, að aðdráttavegur fjölmargra (og það einmitt manna úr uppsveitunum) fjelli saman við póstleiðina þá; að hafa veg til og frá Eyrarbakka er mikilsvert fyrir þessa sýslubúa; með þessu ætti hann að fást beztur. Og ekki yrði minni nauðsyn á þessu ef sigling fer að koma að Stokkseyri; þeir innansýsluverzlunarstaðir munu þó altaf verða helztu verzlunarstaðir sýslubúa sjálfra, altaf fremur en Reykjavík og það enda þó Ölvusbrúin komi; þá þurfa menn ekki síður góðan veg til sjóferðanna á vetrinum. Fyrir þá, sem suður fara úr efri hluta sýslunnar þyrfti auðvitað veg yfir um Hraungerðishreppinn líka; en eins og ég hefi sagt vil ég heldur hafa þar sýsluveg, ekki láta póstinn fara þar um; báðar leiðirnar geta auðvitað ekki orðið aðalpóstleiðir. Þetta vilja nú Hreppamenn t. a. m. ekki; þeir munu vilja hafa aðalpóstleið um Hraungerðishreppinn. Hversvegna? Ég veit ekki; varla getur það verið sökum póstsins sjálfs; vegalengdin getur ekki ráðið af skarið; ekki munar svo miklu á henni; og ekki mundu þeir fyrir fá póstbrjef og sendingar neitt síður, þó ~~eystri~~ leiðin ~~yrði~~ væri aðalpóstleið. Er það þá ekki vegna þess að menn halda, að ef eystri leiðin yrði gerð að aðalpóstleið, þá mundi aldrei verða úr, að gerður yrði almennilegur vegur yfir um Hraungerðishreppinn. Ekki þarf þetta að vera sjálfsagt. Ég veit nú fyrst og fremst ekki, hvort dýrara yrði að gera góðan veg yfir um Hraungerðishreppinn, heldur en á hinni leiðinni (nfl. upp Ása); en hvað um það, þá ætti sýslan að leggja sem mest fé hún getur til þess að gera góðan veg á hvorri leiðinni sem væri kosin sem sýsluvegur. Það ætti að breyta þessu háttlagi sem hingaðtil hefur verið með sýsluvegina: að ditta að spotta í

hverjum hreppi á hverju ári. Í stað þess ætti á hverju ári að verja öllu fénu sem ætlað á einum stað undir verkstjórn sama manns, er vit hefði á vegagjörð, og svo koll af kolli; aðeins halda verða torfærum annarstaðar færum samstundis, þangaðtil röðin komi þar að.

Komi menn sjer því saman um þessar breytingar: 1. Aðalpóstleið um Flóann liggi frá Selfossi niður á Eyrarbakka; þaðan að Baugstaðabrú og upp Ása að Þjórsárbrú (aðalpóststöð væri með aukapóstum frá brúarstöðinni); fé sé heimtað af landssjóði til að gera góðan veg á þessari leið (alveg) sem allra fyrst. 2. Sýsluvegur sé gjörður leiðin yfir Hraungerðishreppinn beint milli brúnna (vegirnir komi saman skammt frá Skotmannshól) og þar verji sýslan þegar í stað mestöllu sínu vegafé, ráði mann, sem kann til vegagerðar, sumarlangt og útvegi honum menn sem þarf.

Gaulverjabæ, 15. jan. 1891.

Jón Steingrímsson.

— „ —

## Kvennfjelagið á Eyrarbakka.

Í martsmánuði 1888 bundust 16 konur og meyjar á Eyrarbakka í fjelag, sem hafði það augnamið, að hjúkra og hjálpa bágstöddum konum í plássinu. Sömdu þær lög með sjer og kusu 3 konur í framkvæmdarnefnd: forstöðukona, fjehirði og ritara. Inngöngutillag er 1 króna og árstillag 25 aurar.

Á þeim 3 árum, sem fjelag þetta hefur staðið, hafa tekjur þess og gjöld verið þannig:

**1888. Tekjur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Inngöngutillög ... | 18,00 | |
| b | Gjafir ... | 16,80 | |
| d | Innkomið við Tombólu | 53,35 | |
| e | Sparisjóðsvextir .. | „ 03 | Kr. 88,18 |

**Gjöld:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Styrkur veittur 4 konum | 9,91 | |
| b | Innlagt í sparisjóð | 75,03 | |
| d | Viðskiptabók við Dto | 0,35 | |
| e | Í sjóði hjá fjehirði | 2,89 | Kr. 88,18 |

**1889. Tekjur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Í sjóði hjá fjehirði | 2,89 | |
| b | Inneign í Sparisjóði | 75,03 | |
| d | Árstillag frá 18 konum | 4,50 | |
| e | Sparisjóðsvextir | 2,61 | |
| f | Skuld til fjehirðis | 0,78 | Kr. 85,81 |

**Gjöld:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Styrkur veittur 2 konum | 5,09 | |
| b | Til barnaskemmtunar | 3,08 | |
| d | Inneign í sparisjóði | 77,64 | Kr. 85,81 |

**1890. Tekjur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Inneign í sparisjóði | 77,64 | |
| b | Sparisjóðsvextir | 2,79 | |
| d | Árstillag frá 15 konum | 3,75 | Kr. 84,18 |

**Gjöld:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| a | Skuld til fjehirðis ... | 0,78 | |
| b | Styrkur veittur 2 konum | 10,00 | |
| d | Inneign í sparisjóði | 70,43 | |
| e | Í sjóði hjá fjehirði | 2,97 | Kr. 84,18 |

Á þessum 3 árum hefir þannig verið varið 25 Kr. eða nálægt 1/4 parti tekjanna, til að hjálpa bágstöddum konum; meira hefir ekki verið hægt að veita, nema með því að skerða stofnsjóðinn, þar eð meðlimum hefir heldur fækkað en fjölgað og engar gjafir hafa borizt síðan fyrsta árið.

Það væri sómi fyrir hverja konu hjer í plássinu, sem gæti, að styrkja fjelag þetta með því að gjörast meðlimur þess, og

sömuleiðis fyrir karlmennina, að rjetta því bróðurhönd sína móti ómágjöfunum. Hjer er svo fjölmennt, að „margt smátt mundi gjöra eitt stórt“, ef fjelagi voru væri gefinn meiri gaumur, en gjört hefur verið; — og þá fyrst gæti það glatt og gagnað fleiri bágstöddum systrum vorum, en það hefur getað hingað til.

Þess skal loks getið, að þegar Tombólan var haldin 1888 til inntektar fyrir fjelagið, gengu af 70 númer, sem ekki voru dregin, og gaf fjelagið þau til Tombólu, sem haldin var fyrir Eyrarbakkakirkju 1889. —

Eyrarbakka, 25. jan. 1891.

Framkvæmdarnefndin.

— " —

## Kynbætur búpenings.

Það má kallast vaknaður almennur áhugi hjer í Árnessýslu á því að bæta sauðfjárkyn vort með því að blanda það öðru betra kyni aðfengnu; hafa Hreppsvegjar gengið fremstir í flokki þar og ber þeim heiður fyrir, þrátt fyrir það þó deildar sjeu skoðanir manna um það hvað bezt hafi verið að fá sauðfje að norðan til samblöndunar, eins og þeir gerðu fyrst; ég vil þegar taka það samt fram, að ekki getur það talizt mótbára að gagni móti aðferð þessari til að blanda sauðfjárkynið, þó það þyki nú sannreynt að því endurbætta kyni sé hættara við bráðafárinu, af því að það er alkunnugt, að bráðafárið drepur helzt og fyrst væna féð, en það eru menn sammála um, að hið blandaða og aðfengna kyn er miklu vænna (til niðurlags), heldur en hið gamla óblandaða. Mitt álit er því, hvernig sem veltist og hvað sem aðrir segja, að góð framför sé það, hvernig menn eru farnir að blanda sauðfjárkynið og ætti því að halda áfram miklu meir og betur um alla sýsluna. En um sauðfjárblöndunina ætlaði jeg ekki að tala, nema svona til að byrja með; ég ætlaði miklu fremur útaf því að minnast á endurbætur á hrossa- og nauta-penings-kyni voru; líka þarf þeirra með óefað, og eftir því sem á stendur þar sem ég er kunnugur, er ein knýjandi ástæða að taka þetta til íhugunar og framkvæmda sem fyrst og hún er sú, að griðungar (þarfanaut) og graðfolar að gagni eru naumast fáanlegir; menn eru að basla við að nýta kálfa og fola; hvort óáðið sem það er notað og stundum þó ekki nema einu sinni neins megnd. Öllum mun koma saman um, að það hljóti að veikja kynið, er ungneyti og folar eru eingöngu notaðir og það því fremur sem þeir eru óvaldir með öllu. Orsakirnar munu nú fyrst og fremst vera hirðuleysi og hugsunarleysi manna, en þar næst tel ég hrossa sölunna með hrossin og með kýrnar, hvað nautstollur er lágur og illa goldinn (hann heitir 3 fiskar = 75 aurar, þar sem ég þekki til). Margir kunna nú að segja að ekki eigi annað en setja hann hærra og einnig jafnvel að taka ætti folatoll; þessu er vaninn, gamall vani, þessi illræmdi harðstjóri, á móti; ég sé ekki, að ~~það~~ því yrði komið í viðunanlegt horf, þó menn færu að reyna að mynda fjelagsskap til þess, enda óvíst að nokkrum takist að koma honum á. Hvað er þá til ráða? Ég veit ekki; þó hefir mjer dottið í hug, hvort ekki væri eina ráðið að láta þetta verða opinbert eða almennt sveitamálefni og fela hreppsnefndunum aðgerðir í því. Þannig hefi ég hugsað mjer það: Hreppsnefndin

fór á vor- og haust-fundi bændur þá, sem eiga góða fola (ekki yngri en 3 vetra) og góða griðunga (ekki yngri en vetur-gamla auk kálfsvetursins) til þess að lofa því, að hafa þá ógelda og til reiðu næsta ár; séu völ á mörgum skal taka þá beztu; fyrir þetta skal leiðin þóknun úr hreppssjóði; ~~fyrir~~ griðungana mætti þeir eiga bara toll af hverjum sem fengi þá; tjaldinu ætti að vera eptir því sem hreppurinn væri stór; ef menn yrðu ósanngjarnir í kröfum til hreppsjóðs, skyldi undir-boð haft, ef þörf væri. Fyrst venja hlyti að myndast skjótt um það hvað heppilegt væri. En eitthvað skyldi það alltaf vera til þess að skuldbinding fengist, nema ef samt væri framboðið ókeypis. Vera getur nú, að óþarft þyki að slengja þessu uppá hreppssjóðina, en komi menn þá með önnur ráð. Annars vil eg fela þetta atriði sérstaklega til íhugunar félagi því, er ábyrgist nautgripi og hross, ef það myndast hjer nokkurn tíma. En það ætti að verða sem fyrst.

J. Á.

---

## Styr handa þeim sem spyr

Því gerir maðurinn sig að þessu spurninga fífli? hugsaði jeg, er jeg sá þessar spurningar í 4. nr. Kveldúlfs: „Líklega getur ekki verið synd að standa í kórnum (á Eyrarbakka-kirkju) og hlýða messu?“ Líklega segir þú; þú ert þá í efa; nema er samviskan!! Skörp er lögmálsvitundin!! Ó nei, það er engin synd; þú veizt það; þú spyr þannig í hrottalegu gamni; það er ekki rjett. Og þegar þar næst er spurt, ~~...~~ hvaða tilgangi kórinn eigi látinn standa auður, þá vil jeg spyrja aptur á móti: Gerir nokkur það? Vedur beint að nokkrum manni sem valdandi því? Það mun ekki, og því er líka þessi spurning röng; ætli það eigi ekki vaninn, sem gerir þetta? Það er auðvitað hverjum manni heimilt að standa í kórnum; brjóttu vanann og byrjaðu á því að standa í kórnum; þú gjörir vel; annars ræð jeg þjer til að reyna að fá söfnuðinn til að kaupa lausa bekki í kórinn, ef þeir eru ekki komnir nú þegar svo að setið verði einnig þar. Um það hefðirðu átt að hugsa áður en þú spurðir svona; þá hefðirðu fljótt fundið að spurningar þínar væru óþarfar. Fyrirgefðu, að mjer gramdist að sjá þær.

Utansóknarmaður.

## Nafngáta

Risi í Evropu.
Konu-heiti í Gamlatestamentinu.
Fjallvegur í Múlasýslu.
Fljót á Frakklandi.
Landnáms bæjarnafn í Þingeyjarsýslu.

Upphafsstafa röðin niður eptir er alkunnugt dýrsheiti. Endingarstafaröðin upp eptir er alkunnugt fiskheiti.

Br. J.

—"—

## Ráðning talgátunnar í

5. bl. er: „Háskóli“. Þeir sem hafa ráðið eru: J. S. X., Jón Pálsson, Bæjarbúi, G. Ó., ~~og~~ Andri jarl, Br. J. og Sigf. E.

—"—

### Eptir heiðna menn í fornöld.

„Vjer fæðumst ójafnir, en deyjum jafnir.“ – Seneca.

„Sannleiks ást er mjer meira virði, en umræða allra.“ – Cicero.

„Á þessum tímum aflar eptirlátssemin vina, en sannleikurinn fjandskapar.“ – Terentius

„Lögmálið býður að ganga fram fyrir guðina með hreinu hjarta, því þar í er allt fólgið.“ – Cicero.

„Meðvitund um góðan vilja, er mesta huggun í mótgangi.“ – Cicero.

„Mikil er afl venjunnar!“ – sami.

„Án manndyggðar getur enginn lifað.“ – sami.

Ritstjóri: Jón Pálsson. Stokkseyri.